

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað 16. og 17. töluliða 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 38/1972) komi þrjú töluliðir, er hljóði svo, og breytast töluliðar greinarinnar samkv. því:

16. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðahreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Reyðarfjarðahrepps og Fáskrúðsfjarðahrepps.
17. Austurlandsumdæmi syðra: Suður-Múlasýsla frá mörkum Reyðarfjarðahrepps og Fáskrúðsfjarðahrepps við ströndina og Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps inn á landinu annars vegar og mörkum milli Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu hins vegar.
18. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

*Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2 000 milljónir króna til sölu innanlands á næstu fjórum árum.

**2. gr.**

Happdrættisskuldabréfin eru á handhafa og falla í gjalddaga eigi síðar en að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.